



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir sviðstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Efni: Starfsemi Vinjar á Hverfisgötu

Forsaga:

Svohljóðandi tillaga um Vin dagsetur, SBPC-36 var samþykkt í borgarstjórn 6. desember 2022:

Lagt er til að Vin dagsetur verði lagt af en markhópi þjónustunnar mætt með öðru móti á félagsmiðstöðvum borgarinnar. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar tók við rekstri Vinjar dagseturs í júlí 2021 en Rauði krossinn á höfuðborgarsvæðinu hafði rekið það áður með samningi við Reykjavíkurborg. Rauði krossinn ákvað að hætta rekstrinum. Vin er dagsetur fyrir fólk með geðraskanir og er helsta hlutverk Vinjar að draga úr félagslegri einangrun og skapa vinalagt umhverfi fyrir gesti setursins. Þjónusta til að koma til móts við félagsstarf verður útfærð í samráði við Geðhjálp.

Minnisblað þetta er lagt fram til að skýra stöðu mála varðandi Vin og starfsemina þar í kjölfar ofangreindrar tillögu.

Er það mat starfsmanna að allar breytingar á rekstri og starfsemi Vinjar þurfi að vera gerðar í samráði við gesti Vinjar og hagsmunasamtök þeirra þar sem hætta er á að hópur gesta geti einangrast og veikt meira ef hratt verði gengið fram í að leggja niður starfsemina. Mikilvægt er að finna ný úrræði og leiða gesti yfir í nýtt starf.

Rauði krossinn hóf starfsemi Vinjar, dagseturs fyrir geðfatlað fólk fyrir rétt tæpum 30 árum. Reykjavíkurborg tók þátt í rekstri Vinjar í samstarfi við Rauða krossinn þar til Rauði krossinn ákvað að draga sig úr rekstri Vinjar á árinu 2021.

Fjallað var um málefni Vinjar á fundi velferðarráðs þann 20. janúar 2021 og eftirfarandi bókað:

Velferðarráð þakkar Reykjavíkurborg Rauða krossins kærlega fyrir mikilvægt starf við rekstur Vinjar. Jafnframt er velferðarsviði falið að útfæra tillögur að þjónustu og stuðningi við þann hóp sem sækir Vin daglega í samráði við notendur, hagsmunaaðila og fagfólk.

Í framhaldi af bókun ráðsins var settur á laggirnar starfshópur sem skyldi greina þarfir notenda Vinjar með tilliti til þjónustu- og stuðningsþarfa þeirra, sjá fylgiskjal 1. Starfshópurinn skilaði af sér samantekt í maí 2021 og í framhaldi var eftirfarandi tillaga sviðsstjóra lögð fyrir fund velferðarráðs þann 19. maí 2021:

Lagt er til að þjónustumiðstöð Miðborgar, Vesturbæjar og Hlíða yfirtaki rekstur Vinjar á Hverfisgötu og vinni að því að samþætta félagsstarfið í Vin við rekstur félagsmiðstöðva annarsstaðar í borginni. Starfið í Vin verði hluti þeirrar endurskoðunar sem fram fer á félagsstarfi velferðarsviðs en í Reykjavík eru reknar 17 félagsmiðstöðvar. Ljóst er að slík útfærsla hefði minnst áhrif á fastagesti Vinjar.



Samkvæmt þjónustusamningi er áætlaður kostnaður við rekstur Vinjar kr. 46 m.kr. á ári. Ef velferðarsvið tekur reksturinn yfir rúmast kostnaður innan fjárheimilda.

Ofangreind tillaga sviðsstjóra var samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Vinstri grænna og Sósíalistaflokks Íslands gegn einu atkvæði fulltrúa Flokks fólksins. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins sat hjá.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Vin við Hverfisgötu hefur verið athvarf Rauða krossins í rúman aldarfjórðung og hefur um langa hríð fengið styrk til starfseminnar frá Reykjavíkurborg. Í ársbyrjun 2021 barst erindi þar sem Rauði krossinn sagði sig frá rekstri Vinjar. Velferðarráð fól velferðarsviði að útfæra tillögur að framhaldinu í samráði við notendur, hagsmunaaðila og fagfólk. Niðurstaða þeirrar vinnu er að leggja til að fela þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar, og Hlíða rekstur Vinjar með það að markmiði að samþætta félagsstarfið í Vin við rekstur félagsmiðstöðva annarsstaðar í borginni. Slík útfærsla hefur minni áhrif á fastagesti Vinjar en sú að loka athvarfinu. Mikilvægt er að vinna náið með notendum, hagsmunaaðilum og fagfólki í þeirri samþættingu sem framundan er.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Það er mat fulltrúa Flokks fólksins að sumir þurfa og vilja vera í og heimsækja sérúrræði. Annað af tveimur sjónarmiðum sem kynnt eru af meirihlutanum og sögð vegast á er sjónarmið að „vinna þarf gegn því að ákveðnir hópar séu jaðarsettir eða aðgreindir í samfélaginu og því eigi ekki að draga fólk í dilka með því að búa því sérúrræði“. Það er mat fulltrúa Flokks fólksins að ef þetta sjónarmið ætti að gilda myndi margt kollvarpast í borginni því fjöldi fólks er í ýmis konar sérúrræði hvort heldur af þörf eða vilja nema hvort tveggja sé. Í mannréttindastefnu segir að sveitarfélag á að mæta þörfum allra, sérþörfum einnig og ávallt að hafa hagsmuni og vellíðan einstaklingsins að leiðarljósi. Gestir/notendur eru skýrir í sinni afstöðu. Þeir vilja að starfsemin haldist óbreytt. Allar ákvarðanir um Vin skal taka í samráði við notendur. Tillaga starfshópsins er að reka þetta úrræði á sama grunni og félagsstarfið en það er í endurskoðun og hefur verið lengi. Sá stýrihópur sem endurskoða á félagsstarfið og sem fulltrúi Flokks fólksins er aðili í er stopp, af óljósum ástæðum. Mikilvægt er að valta ekki yfir gesti og starfsmenn Vinjar og mun fulltrúi Flokks fólksins ekki styðja að Vin verði lagt niður í núverandi mynd og sett undir félagsstarf borgarinnar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi gagnbókun:

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni hefur farið fram samráð við notendur Vinjar sem vildu sem minnstar breytingar en lögðu þó til að dagskráin yrði fjölbreyttari og til dæmis mætti skoða söng, listviðburði, kennslu á rafrænar lausnir og hafa í húsinu sjálfbóðaliða og nema. Fram kom líka að það væri gott ef félagsráðgjafi kæmi af og til í Vin sem og að stundum væri húsnæðið í Vin of lítið og það mætti vera meira pláss til að fást við ýmsa afþreyingu. Til að mæta þessum óskum notenda er þessi tillaga lögð fram.

Vegna Covid-19 og viðvarandi samkomutakmarkana var lítið hægt að sinna samþættingu félagsstarfs í Vin við rekstur félagsmiðstöðva annarsstaðar í borginni. Forstöðumaður Vinjar sótti þó reglulega samráðsfundi með stjórnendum félagsstarfs í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum.

Í hagræðingartillögu þeirri sem borgarstjórn samþykkti á fundi sínum 6. desember 2022 er ekki lagt til að starfsemi Vinjar verði hætt heldur hitt að markhópi þjónustunnar verði mætt með öðrum hætti á félagsmiðstöðvum borgarinnar og húsið að Hverfisgötu verði ekki lengur nýtt til starfseminnar. Velferðarsvið mun eftir sem áður leggja mikla áherslu á að mæta þeim einstaklingum sem sækja Vin og þurfa sértæka nálgun og stuðning. Til að það verði unnt verður unnið áfram á grundvelli samantektar starfshóps frá maí 2021.



Starfsmenn velferðarsviðs hafa átt samtalið við fulltrúa í stjórn Geðhjálpar og fulltrúa Öryrkjabandalagsins um málefni Vinjar. Á fundi þessara aðila þann 2. janúar sl. komu fram áhugaverðar hugmyndir, s.s. eins og aukin samvinna við Klúbbinn Geysi og Hlutverkasetur. Einnig komu fram hugmyndir að auknu samstarfi við nágrannasveitarfélög um samvinnu til hagsbóta þeim hópi sem um ræðir. Þá var jafnframt rætt um togstreituna á milli aðgreindra úrræða og almennari úrræða. Þessu samtali verður haldið áfram og engar breytingar gerðar án aðkomu notenda þjónustunnar og hagsmunasamtaka þeirra.

Staðan í dag

Vin, dagsetur er lágþröskuldapjónusta fyrir fólk með geðraskanir, í mikilli hættu á félagslegri einangrun með tilheyrandi versnandi veikindum og innlögnum. Lykilatriði í þjónustunni er virðing, jafningjaviðhorf og samráð við notendur og hefur þessi nálgun reynst góður jarðvegur fyrir margvíslega sjálfsprottna virkni og um leið ákveðið félagslegt taumhald.

Reynslan hefur sýnt að ekki er talið óhætt að loka úrræðinu nema í eins stuttan tíma og hægt er í einu og er vinnureglan tveir dagar. Yfir haust og vetrarmánuði er haldið út stuttri viðveru með sjálfbóðaliðum á sunnudögum, því helgarnar geta reynst mörgum of langar. Í gegnum Covid-faraldurinn var ákveðið að halda Vin opinni þrátt fyrir samkomutakmarkanir til að stuðla að heilbrigði gesta.

Hverjir sækja Vin Dagsetur

Notendur eru u.þ.b. 70% karlar og 30% konur, 90% miðaldra (40+) og eldri með alvarlega geðfötlun (geðklofa og geðhvörf) sem hafa ekki náð félagslegum tengslum annarsstaðar. Undanfarið hefur verið lögð áhersla á að gestir Vinjar geti nýtt sér almenn úrræði og hefur ákveðinn hópur notfært sér almennt starf í félagsmiðstöðvum og almennt félagsstarf. Einnig hafa starfsmenn verið í samstarfi við félagsstarf í borgarhlutanum og þannig er verið að bjóða upp fjölbreyttara starf fyrir gestina.

Árið 2022 voru gestakomur 4.834 frá 85 einstaklingum, karlar voru 68 og konur 17. Um 65 má telja til fastagesta. Af þeim eru um 50 með reglulegar komur vikulega og oftast og taka fastan þátt í félagsstarfinu í Vin. Um 35 % kemur úr búsetukjörnum í nágrenninu, 40% úr félagslegum íbúðum, 20% er í sjálfstæðri búsetu og 5% eru heimilislausir. Einn fastagestur er skráður til heimilis í Hafnarfirði. Um 70 % eru án félagslegs nets eða fjölskyldu en hafa náð að mynda félagsleg tengsl í Vin í gegn um þá virkni sem er í boði þar. Einnig hafa starfsmenn Vinjar aðstoðað við aðkallandi persónuleg erindi sem annars væri ekki sinnt vegna fælni notenda við að þiggja margvíslega þjónustu.

Í Vin hafa gestir fengið tíma og umhverfi til að aðlagast á sínum forsendum og þeim hraða sem þau þurfa. Aðgengi fyrir fólk með geðfötlun er mjög gott að mati notenda og nefna þeir staðsetningu, samgöngur, virðulegt hlýlegt húsnæði og góða móttöku. Umhverfi þar sem hvatt er til fordómalausra samskipta og samráðs við notendur.

Mikilvægt er að hafa notendur þjónustunnar með í ráðum þegar leggja á í frekari breytingar á þjónustunni.

Fylgiskjal:

Skýrsla starfshóps um málefni Vinjar, maí 2021.